

17. NÓVEMBER
2023

HARPA
NORÐURLJÓS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Philip Glass

FÖSTUDAGSRÖÐ

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verks

Sinfónía nr. 8 39´

Tónleikarnir eru teknir upp og verður útvarpað á Rás 1 síðar.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Philip Glass

TÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM 17. NÓVEMBER KL. 18:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Philip Glass

Sinfónía nr. 8

Þáttur I

Þáttur II

Þáttur III

Í upphafi tónleika spinna hljóðfæraleikarar
úr slagverksdeild SÍ.

For information in English about tonight 's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Ross Jamie Collins

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Ross James Collins er kornungur hljómsveitarstjóri sem hefur náð að afreka margt á stuttri starfsæfi. Hann var til dæmis aðeins fimmtán ára þegar hann stjórnaði fullskipaðri sinfóníuhljómsveit í fyrsta skipti og vakti snemma athygli fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og mikla persónutöfra. Collins er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári og mun því stjórna nokkrum tónleikum í vetur, meðal annars á Jólatónleikum, Myrkum músíkdögum og fræðsluverkefnum og mun auk þess vinna náið með Evu Ollikainen í nokkrum stærri verkefnum. Hann er einnig Dudamel-Fellow við Fílharmóníusveitina í Los Angeles á þessu starfsári.

Collins er fæddur á Englandi en fluttist ungur til Helsinkí og lagði þar stund á tónlistarnám í sellóleik, söng og hljómsveitarstjórn. Ferill hans er sérlega glæsilegur. Hann nam hjá Jorma Panula við Panula-akademíuna í Helsinkí og var einn af vinningshöfum Panula-keppinnar þegar hún var haldin í 7. sinn árið 2018. Eftir það lá leiðin til Los Angeles í Bandaríkjunum þar sem hann var nemandi Esa-Pekka Salonen við Colburn-tónlistarháskólann og starfaði auk þess undir handarjaðri Salonen við Sinfóníuhljómsveitina í San Francisco sem Salonen-Fellow. Hann hefur verið aðstoðarmaður Salonen með Fílharmóníuhljómsveitinni í Lundúnum, NDR-hljómsveitinni í Elbphilharmonie í Hamborg, Fílharmóníusveitinni í Helsinkí og Orchestre de Paris, auk sinfóníuhljómsveitanna í Houston og Fíladelfíu. Hann hefur einnig stjórnað hljómsveitum víða um Finnland og tekið þátt í vinnustofum á alþjóðavettvangi styrktur af Finnska menningarsjóðnum sem er einkarekinn sjóður sem settur var á stofn til að styðja við listir og vísindi.

Það verður spennandi að fylgjast með þessum unga hljómsveitarstjóra á sviðinu í hinum ýmsu tónleikahöllum heimsins í náinni framtíð.



Philip Glass

SINFÓNÍA NR. 8

Bandaríska tónskáldið Philip Glass (f. 1937) hefur haft sérlega víðtæk áhrif á menningu okkar daga. Hann hefur skrifað fjölda verka, sum með titla sem vísa í klassísk form eins og óperur og sínfóniur, auk fjölda einleiks- og kammerverka, og rafmögnuð verk fyrir eigin tónlistarhóp. Hann hefur starfað náið með öðrum listamönnum, bæði tónlistarmönnum úr ýmsum áttum, úr popp-, rokk- og heimstónlist, en einnig rithöfundum, dönsurum, kvikmyndagerðarfólki og leikhúsfólki. Áhrif hans á önnur tónskáld hafa verið ómæld, ekki síst innan kvikmyndatónlistar og iðulega má heyra tónvefi sem minna á tónmál hans jafnt í kvikmyndahúsum, sjónvarpsseríum sem tónleikasölum.

Philip Glass lagði ungur stund á heimspeki og stærðfræði og líklegt er að báðar þessar greinar hafi haft sitt að segja um þróun tónlistar hans. Hann hélt til Parísar árið 1964 og lærði þar hjá Nadiu Boulanger sem hafði mikil áhrif á hann allar götur síðan og Anton Webern og serialisminn vöktu líka áhuga hans. Nokkru síðar áttu bandarísk tónskáld þessa tíma eftir að skipta miklu máli fyrir nálgun hans við tónlistina; þar má nefna John Cage og Morton Feldman og tilraunir þeirra. Það var hins vegar Steve Reich sem opnaði augu Glass fyrir mínimalismanum, og í kjölfarið tók hann að rannsaka þá aðferðafræði og einfalda tónmál sitt. Segja má að nálgun hans hafi verið á þeim nótum æ síðan. Framvindan í verkum Glass er yfirleitt hæg þótt hrynurinn geti verið mjög hraður, og þau einkennast af síendurteknum stefjum og hægfare breytingum. Hann hleður gjarnan upp flekum og býr til vefi sem oft eru með flóknum rytma og framvindan er streymandi og jafnvel sefjandi.

Glass hefur samið liggja fjórtán sínfóniur auk annarra verka fyrir sínfóniuhjónsveit. Sínfónía hans nr. 14 var frumflutt árið 2021 en 13. sínfónía hans, sem er fyrir strengjasveit, var frumflutt ári síðar. Hann hefur samið fjölmargar óperur, til

Tónlistin á Íslandi

Fyrsti flutningur Sínfóníuhjónsveitar Íslands á verki eftir Philip Glass var þegar Una Sveinbjarnardóttir flutti fiðlukonsert hans nr. 1 ásamt hjónsveitinni í nóvember árið 2002 á þrennum tónleikum í Háskólabíói þar sem Sálin hans Jóns míns kom einnig fram. Sínfónía hans nr. 8 hefur ekki verið flutt hér áður. Skemmst er að minnast komu Philips Glass hingað til lands þegar hann kom fram á tónleikum í Eldborg þar sem hann lék píanóetýður sínar ásamt Víkingi Heiðari Ólafssyni og japanska píanóleikaranum Waki Namekawa. Tónleikarnir fóru fram 28. janúar árið 2014. Víkingur gaf síðan etýðurnar út hjá Deutsche Grammophone árið 2017.

dæmis hafa *Einstein on the Beach* og *Akhnaten* notið mikilla vinsælda og víða verið settar upp. Glass hefur samið tónlist við fjölda leikhúsverka, kvikmyndir og dansverk. Þekktar kvikmyndir með tónlist hans eru t.d. *Kundun* eftir Martin Scorsese (1997) og *The Hours* eftir Stephen Daldry (2002). Glass var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir tónlistina við báðar þessar myndir og hlaut Bafta-verðlaunin fyrir *The Hours*. Áhrifamesta verk hans fyrir kvikmyndamiðilinn er þó eflaust leiðslukennd hljóðrásin við kvikmyndina *Koyaanisqatsi* sem er án söguþráðar og framvindu. Nafn myndarinnar er fengið úr máli Hopi-fólksins og þýðir „líf án jafnvægis“.

Sinfóniur Glass búa yfir sama seiðmagninu og önnur verk hans og þar hefur hann heldur ekki farið troðnar slóðir þrátt fyrir sinfóníu-hugtakið. Sinfónía Philips Glass nr. 8, sem hér er flutt, var pöntuð af hljómsveitarstjóranum Dennis Russell Davies og Bruckner-hljómsveitinni í Linz í Austurríki og frumflutt af hljómsveitinni árið 2005 í Tónlistarakademiúnni í Brooklyn undir hans stjórn. Hljómsveitarstjórinn hvatti tónskáldið til að „líta á hljómsveitina sem samansafn virtúósiskra einleikara á borð við þá sem einleikskonsertar eru gjarnan skrifaðir fyrir“. Fimmta, sjötta og sjöunda sinfónía Glass voru allar byggðar á textum; á ljóðlist ættaðri úr fornöld, úr menningu frumþjóða og nútímanum. Áttunda sinfónían markaði því afturhvarf til hreinnar tónlistar þar sem tónmálið er það eina sem unnið er út frá og laglínur, bygging, þéttleiki og áferð er það sem skiptir máli.

Sinfónían er í þremur mjög mislöngum, nafnlausum þáttum og í þeim öllum má víða heyra langa sólókafla. Sinfónían er að sumu leyti hefðbundnari en mörg önnur verka Glass og þótt rytmi og flæði verksins sé á kunnuglegum nótum eru mörg stef sinfóníunnar mun hefðbundnari en oft áður. Fyrsti kaflinn er langlengstur og rytminn er hraður og ágengur. Þar skiptast á kaflar með stórum tónflekum með óreglulegum en þó streymandi hrym sem ýmist er rísandi eða hnígandi og kaflar þar sem eitt hljóðfæri eða hljóðfærahópar eru áberandi. Upphaf annars kaflans er þungbúið og gæti jafnvel verið ættað úr sinfóníu eftir Beethoven. Þar er hrynurinn hægari en þó flæðandi og allur kaflinn mildur og ljóðrænn. Hér eru einnig áberandi einleikskafnar fyrir flautu og trompet. Þriðji kaflinn er stuttur og hægur með ljóðrænum tón.

Ingibjörg Eyþórsdóttir

Tónlistin á Íslandi

Í október síðastliðnum lék Sinfóníuhljómsveitin sinfóníu nr. 1 eða „Low“ eftir Philip Glass undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Hún hljómaði ásamt verkum Jóhanns Jóhannssonar í tilefni af útgáfu Deutsche Grammophon á hljóðritun sveitarinnar á stórvirkinu A Prayer to the Dynamo og hljómsveitarsvítum Jóhanns úr kvikmyndunum *The Theory of Everything* og *Sicario*.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Geirbrúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Ingrid Karlsdóttir
Þórdís Stross
Justyna Bidler
Hekla Finnsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir

Víola

Rita Porfiris
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Urh Mrak
Margrét Árnadóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Richard Korn

Flauta

Astrid Bjelland
Sólveig Magnúsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grimur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Britta Cortabarría

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Elísabet Waage

Píanó/Selesta

Mathias Halvorsen

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskráargerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

The King's Singers syngja inn jólin

29. & 30. NÓVEMBER

Breski sextettinn The King's Singers, einn frægasti sönghópur heims, er að koma til landsins og syngur á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. The King's Singers syngja ómótstæðileg jólalög frá ýmsum tímum og hljómsveitin leikur hrífandi barokkperlur undir stjórn Adam Hickox. Við höfum beðið þeirra með óþreyju og fögnum sannarlega komu þeirra.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS